

Fréttabréf ÞFÍ ágúst 2013

Þjóðræknisþing 2013 (forsíða)

Þjóðræknisþing ÞFÍ verður haldið sunnudaginn 25. ágúst nk. að Hótel Natura í Reykjavík. Þinginu sem hefst kl. 14.00 er ætlað að efla tengsl Íslendinga við frændur okkar og vini afkomendur Íslendinga sem fluttu vestur um haf. Vaxandi fjöldi ungra sem aldna hefur orðið fyrir einstæðri upplifun við að kynnast frændfólki eða nýjum vinum í annarri heimsálfu sem fagna þeim eins og um nán ættmenni sé um að ræða.

Dagskráin á Þjóðræknisþinginu er fjölbreytt að vanda. Egill Helgason þáttastjórnandi greinir í máli og myndum frá heimsókn sinni sl. vor á slóðir Íslendinga í Norður Ameríku. Þættir úr þeirri heimsókn munu verða á dagskrá RÚV í vetur.

Gail Einarson-McCleery segir frá uppbyggingu Snorra West verkefnisins og ungir íslenskir þátttakendur í verkefninu munu segja í máli og myndum frá 4 vikna ferð á Íslendingaslóðir í júlí sl.

Íslandsvinurinn Sunna Furstenau heldur erindi í máli og myndum sem hún kallar "Taking Chances" og fjallar um þá lífsfyllingu sem áhugi hennar á íslenskum rótum sínum hefur fært henni. Ljóðskáldið og héraðshöfðinginn David Gislason segir frá Litla íslenska bókmenntafélaginu í Manitoba. Félagsmenn ÞFÍ eru hvattir til að mæta á þingið og taka með sér gesti. Aðgangur er öllum ókeypis.

Mynd: Verður send

För Laugardalsættar til Vesturheims í júní 2013. (bls 2 eða 3)

Dagana 13. -24. júní sl. fór hópur af Laugardalsætt ásamt mökum samtals 30 manns í ferð um slóðir ættingja í Norður Dakóta og Manitóba. Laugardalsætt eru afkomendur Katrínar Eyjólfsdóttur og Þorleifs Guðmundssonar sem bjuggu á Böðmóðsstöðum í Laugardal í Árnessýslu á seinni hluta 18. aldar og fram á þá 19. Niðjatal þeirra kom út árið 2006 og í því er að finna nöfn um 11 þúsund niðja. Nokkrir afkomendur þeirra fluttu vestur um haf og var slitrótt samband við suma þeirra. Við gagnaöflun í sambandi við útgáfu niðjatalins endurnýjuðust tengslin og reyndist ættgarðurinn fyrir vestan vera stærri en menn höfðu gert sér grein fyrir sennilega hátt í eitt þúsund manns.

Undirbúningsnefndir voru skipaðar bæði hér heima og vestanhafs en þar hvíldi hann fyrst og fremst á Dennis Sigurdsyni og dóttur hans Caty Burke í Winnipeg, Allan Johnson í Ottawa og David Bissky í Vancouver. Undirbúningsnefndin hér heima leitaði ráða hjá Þjóðræknisfélaginu um dagskrá ferðarinnar sem vísaði á Almar Grímsson sem tók málið í sínar hendur.

Niðurstaðan varð sú að semja við Bændaferðir um framkvæmd ferðarinnar sem réðu Almar sem fararstjóra. Þátttakendur eru afar ánægðir og þakklátir Bændaferðum og ekki síst Almari fyrir skipulagið og fararstjórnina.

Flogið var til Minneapolis. Þaðan var ekið til Alexandríu og heimsótt The Kensington Runestone safnið. Farið var til Mountain í Norður Dakóta og borðaður hádegisverður með fulltrúum Íslendingafélagsins á staðnum. Á leið til Winnipeg var komið við í Icelandic State Park sem er skammt frá bænum Cavalier. Sunnudaginn 16. júní var haldið glæsilegt ættarmót í Winnipeg með þátttöku um 230 manns. Komu þátttakendur víða að frá Bandaríkjunum og Kanada.

Hópnum auk kanadískra gesta var boðið í móttöku sem nýju aðalræðismannshjónin í Winnipeg Hjálmar Hannesson og Anna Birgis stóðu fyrir í tilefni af þjóðhátíðardeginum 17.

júní. Eftir móttökuna voru sótt hátíðahöld sem Íslendingafélagið Frón stóð fyrir í þinghúsgarðinum og síðar í listasafninu í borginni.

Frá Winnipeg var farið til Langruth vestan við Manitobavatn. Bæjarstjórnin, Philip Thordarson, sem er einn af ættinni, bauð hópnum til hádegisverðar að aflokinni kynnisferð um bæinn. Mikley (Hecla Island) var skoðuð undir leiðsögn Maxine Helgason Ingalls. Farið var til Gimli og Árborgar og heilsað upp á heimamenn.

Ræktarsemi Vestur-Íslendinga við gamla heimalandið er annáluð. Samt sem áður kom áhuginn á öllu sem lítur að íslenskum málefnum verulega á óvart. Hópnum mætti hvarvetna mikil gestrisni og velvilji. Flestir sem tóku þátt í ættarmótinu í Winnipeg voru af þriðja og fjórða ættlið frá landnemunum. Fáir töluðu íslensku, helst þeir sem höfðu tekið þátt í Snorraverkefninu, en fleiri kunnu einhver skil á málinu. Seiglan við að varðveita íslensku ættartengsln er nánast óskiljanleg. Ferð Laugardalsættar sýnir að í þeim efnum getum við sem heima búum lagt frændfólki okkar vestra lið. Fróðir hafa upplýst að þetta sé fyrsta ferðin af þessu tagi sem farin hefur verið. Full ástæða er til að hvetja aðra til að fylgja í fótsporið.

Gylfi Kristinsson.

Mynd: Við minnismerki til heiðurs íslensku frumbyggjunum í Lundar.

Snorraverkefnin (bls 2 eða 3)

Grein ásamt mynd kemur frá Ástu Sól

Kandís, hittingur unga fólksins (bls 2 eða 3)

Þjóðræknisfélagið stóð fyrir Kandís, hittingi ungra Íslendinga og ungra þátttakenda í Snorraverkefninu á Sólon í Reykjavík 16. júní sl. Tilgangur viðburðarins var að glæða áhuga ungmenna á starfi ÞFÍ og tengingu við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi. Hljómsveitin Nóra spilaði frumsamin lög á hittingnum en þrjú systkini í hljómsveitinni bjuggu í Kanada þegar þau voru yngri.

Þetta var fyrsta verkefni nýstofnaðs verkefnahóps ÞFÍ sem ætlað er að standa fyrir átaki til að efla áhuga ungs fólks á starfsemi félagsins og á tengslum við landnemana íslensku í Vesturheimi. Stefnt er að halda Kandís 2014 á sama tíma að ári.

Mynd: Kandis 2013

Heiðursráð ÞFÍ (forsíða)

Á aðalfundi ÞFÍ sem var haldinn 17. apríl sl. voru samþykktar breytingar á lögum félagsins sem m.a. kveða á um stofnun Heiðursráðs ÞFÍ. Í ráðinu eiga sæti einstaklingar sem unnið hafa frábært starf fyrir félagið og fulltrúar félagssamtaka og stofnana sem styrkja félagið. Tilgangur heiðursráðsins er að efla starfsemi í þágu tengsla Íslendinga við Vestur-Íslendinga og treysta fjárhagsstöðu félagsins. Á Þjóðræknisþinginu í ágúst verður nánari grein gerð fyrir heiðursráðinu.

Íslendingahátíðir í Mountain og Gimli

Íslendingahátíðin August the Deuce í Mountain í Norður Dakota fór fram í 114. sinn dagana 2.-3. ágúst sl. Þá var Íslendingadagurinn í Gimli haldinn hátíðlegur í 124. sinn 4.-5. ágúst. Heiðursgestir á báðum hátíðunum voru Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og kona hans Anna Sigurlaug Pálsdóttir. Fulltrúar Þjóðræknisfélags Íslendinga bæði í Mountain og Gimli voru Halldór Árnason forseti ÞFÍ og kona hans Anna Björg Eyjólfsdóttir.

Fjallkonan á hátíðarhöldunum í Gimli var að þessu sinni Maxine Ingalls. Hún býr á Hecla eyju í Manitoba og á hverju ári tekur hún á móti fjölda fólks og sýnir því vel varðveittar minningar um búsetu Íslendinga á eyjunni.

Mynd: Fjallkonan í Gimli Maxine Ingalls

„Vinir í vestri“ (baksíða)

Atli Ásmundsson fyrrverandi ræðismaður í Winnipeg fundaði víða um Austurland í júní sl. og sagði frá kynnum sínum af afkomendum íslensku landnemanna í Kanada í máli og myndum. Atli er sagnameistari og þekktur fyrir einlægar og lifandi frásagnir sem lætur engan mann ósnortinn. Fundirnir voru vel sóttir en þeir voru á vegum heimamanna á hverjum stað, utanríkisráðuneytisins og ÞFÍ. Það er ánægjulegt að Atli hyggst heimsækja felst byggðarlög á Íslandi á næstu árum enda telur hann aukin samskipti við afkomendur íslensku landnemanna í Vesturheimi skipta miklu fyrir Ísland og Íslendinga.

Mynd: Atli á fundi á Eskifirði

Aðalfundur ÞFÍ vill efla áhuga ungs fólks á starfsemi félagsins (baksíða)

Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga sem var haldinn 17. apríl sl. samþykkti m.a. að efna til átaks til að efla áhuga ungs fólks á starfsemi félagsins og á tengslum við afkomendur íslensku landnemana í Vesturheimi.

Luis E. Arreaga sendiherra Bandaríkjana á Íslandi flutti ávarp í upphafi fundar og Ólöf Björnsdóttir frá kanadíska sendiráðinu flutti kveðju Stewart Wheeler sendiherra Kanada á Íslandi. Forseti ÞFÍ Halldór Árnason flutti skýrslu stjórnar sem birt er á heimasíðu ÞFÍ. Í lok aðalfundarins flutti Sigursteinn Músson kvikmyndagerðarmaður erindi um örlög íslensku landnemanna sem fóru til Brasilíu á árunum 1863-1873.

Formaður ÞFÍ var endurkjörinn Halldór Árnason og með honum í stjórn eru Elín Hirst, Eydís Egilsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Svavar Gestsson og Þorvarður Guðlaugsson. Varamenn í stjórn eru Jón Trausti Jónsson, Unnur Ýr Kristinsdóttir og Sigrún Björk Jakobsdóttir. Stjórnarmenn frá Norður Ameríku eru Eric Stefanson Kanada og Sunna Furstenau Bandaríkjunum.

Hjálmar W. Hannesson og Kent Lárus Björnsson létu af stjórnarstörfum að eigin ósk og var þeim þökkúð heilladrjúg störf fyrir félagið.

Hjálmar nýr aðalræðismaður í Winnipeg.

Hjálmar W. Hannesson tók við starfi aðalræðismanns Íslands í Winnipeg í byrjun júní sl. Hjálmar er meðal reyndustu manna í utanríkisþjónustunni og hefur ma. Gengt stöðu sendiherra Íslands í Kanada og Bandaríkjunum.